

Gos í Eyjafjallajökli - staða 4. maí 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Freysteini Sigmundssyni, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur, Matthew J. Roberts.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Mílu og Múlakoti, upplýsingum frá sjónarvotti í Fljótshlíð (MJR) og flugi Landhelgisgæslunnar.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Hæstu bólstrar náðu 5,8 -6 km hæð (19–20.000 ft) við Eyjafjallajökull, metið úr vél Landhelgisgæslunnar klukkan 10:40 og um kl. 15:30. Gosmökkur sést einnig á Veðursjá í Keflavík í 5,2-5,4 km hæð milli kl. 13:05 og 14:00.

Stefna: Til austurs og suðausturs frá gosstöðvum. Skýr merki um mökkinn greinast í 300-400 km fjarlægð til austsuðausturs (léttskýjað) á noaa gervihnattamynd frá kl. 13:13.

Litur: Síðla morguns létti til og fóru þá að sjást dökkir bólstrar upp úr gosstöðvum á vefmyndavélum. Milli klukkan 13:30 og 14:00 sást mökkurinn greinilega rísa og stefna til austurs, neðar yfir Gígjökli rísa gufubólstrar en virðast minni en í gær. Að auki má aðeins ofar yfir Gígjökli greina bláleita móðu/gas stíga upp, líklega af hrauninu.

Gjóskufall: Skv. Lögreglu á Hvolsvelli er nokkuð öskufall í Álftaveri og Meðallandi og ekki sást vel á milli bæja (fárra km skyggni).

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðasta sólarhringin á kerfi VÍ.

Drunur: Sjónarvottur í Fljótshlíð sagðist heyra háværar drunur reglulega, á nokkurra sek. fresti.

Bræðsluvatn: Vatnsrennsli hefur verið stöðugra í dag, vatnshiti við Markarfljótsbrú var lágur í morgun (undir 2°C) en er að rísa núna síðdegis (um 5°C um hádegisbil). Vatnshæð virðist þó vera að lækka.

- Aðstæður á gosstað:** Sprengivirkni er kröftug og stígur dökkur mökkur upp af gosstöðvum. Hraun rennur til norðurs og stíga bláleitar gufur upp af hrauninu. Þar fyrir neðan er þykkur hvítur gufumökkur og markar hann staðsetningu hrauns. Framrás hraunsins er mun hægari en að kvöldi sunnudags. Ratsjármyndir frá Landhelgisgæslunni sýna stækkandi rásir í Gígjökli og áframhaldandi upphleðslu á gíg. Stærð gígops er 280 m x 190 m. Sjónarvottur í Fljótshlíð sér hraunslettur þeytast upp, líklega nokkur hundruð metra.
- Órói:** Órói minnkaði í gærkvöldi og varð svipaður og hann var fyrri hluta sunnudags. Um 11-leytið féll hann svo verulega og er nú svipaður og hann var 18. apríl.
- Jarðskjálftar:** Enn mældust skjálftar í nótt og í morgun. Þeir sem búið er að yfirfara virðast eiga upptök sín á miklu dýpi (14-20 km) undir miðjum jöklinum.
- GPS-aflögun:** Óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðva næst eldstöðinni.
- Annað:** Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta stafar af gasi við Gígjökul.
- Heildarmat:** Virkni er mikil, gjóskuframleiðsla og sprengivirkni hefur aukist undanfarna daga en er þó miklu minni en upphafs daga goss. Óróinn hefur þó dottið niður. Ekkert bendir til þess að gosi sé að ljúka.